

Útdráttur

Lykilorð: Togari, flutningskostnaður, olúkostnaður, löndun, afli og hagkvæmnissamanburður.

Rannsóknarspurning þessa verkefnis er „Hvenær er hagstæðara fyrir togara Brims hf. að landa á Eskifirði en á Akureyri?“ Markmiðið er að finna hvort hagstæðara er landa á Akureyri eða á Eskifirði, eða hvort möguleiki er á að landa á Siglufirði eftir að Héðinsfjarðargöng verða komin til sögunnar. Fjarlægð togara frá landi er ávallt miðuð við tilkynningaskyldureitina.

Ísfisktogararnir Árbakur og Sólbakur byrjuðu nýlega að veiða með partrolli og olúeyðsla þeirra varð sambærileg, voru því sömu forsendur notaðar í útreikningum. Togarar Brims hf. hafa verið að sækja mikið austur til veiða og sú spurning gjarnan komið upp hvort landa skuli á Akureyri eða á Eskifirði. Helstu kostnaðarliðir við að koma aflanum frá miðum til vinnslu á Akureyri er olúkostnaður, löndunarkostnaður, ískostnaður, flutningskostnaður og flutnings-kostnaður áhafnar. Gert var líkan í tölvuforritinu Excel þar sem ofantaldir kostnaðarliðir koma fram. Notandinn velur hvaða togara hann vill skoða; Árbak, Harðbak, Kaldbak eða Sólbak, skráir hvar togarinn er staddur samkvæmt tilkynningaskyldureitunum, hversu mikill afli er um borð og hversu mikið af aflanum mun fara til Akureyrar.

Niðurstöðurnar eru þær að það verður aldrei hagstæðara að landa á Siglufirði í stað þess að sigla inn fjörðinn til löndunar á Akureyri. Ef ekki er tekið tillit til veiðitaps þá er alltaf hagstæðara að sigla til Akureyrar til löndunar, en þegar veiðitapinu hefur verið gefið gildi þá fer það eftir afla skipsins hvenær verður hagstæðara að landa á Eskifirði. Það sem kom á óvart var að það borgar sig að sigla hraðar í land því veiðitapið er dýrara en olúkostnaðurinn við aukinn hraða.